

**23. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
14. desember 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristinn Pétursson varaáheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri og Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Guðný Ólafsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 1409116 - Aðalskipulag - endurskoðun**
Kynning á stöðu mála varðandi endurskoðun aðalskipulags Akraness 2005-2017.
Skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni arkitekt fyrir greinargóða kynningu.
- 2. 1411130 - Klapparholt skógrækt**
Skilti við skógrækt í Klapparholti.
Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra að vinna áfram með málið.
- 3. 1512074 - Þjóðvegur 15 og 15B, lóðaúthlutun**
Auglýsing.
Drög að auglýsingu um lóðarúthlutun samþykkt.
- 4. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8B**
Umhverfisskýrsla.
Drög að umhverfisskýrslu HB Granda fyrir deiliskipulag Breiðarsvæðis á Akranesi lögð fram til kynningar. Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að kanna möguleika á skoðunarferð fyrir nefndarmenn í sambærilegar þurrkverksmiðjur.
- 5. 1408071 - Kirkjubraut 33 - 35, eignaskiptayfirl. endurnýjun lóðaleigusamnings.**
Bréf Daníels Elíassonar dags. 3. nóv. 2015 f.h. fasteignaeigenda um skiptingu lóðar.
Nefndin samþykkir umsókn skiptingu lóðarinnar í sérnotafleti enda var lóðin þrjár lóðir fyrir sameiningu hennar. Hefur lóðin verið nýtt til samræmis við umsókn í áratugi. Skilyrði er að allir lóðarhafar hafi umferðarrétt um sérnotafleti annarra lóðarhafa til að komast að sínum sérnotaflötum og til viðhalds húss og lóðar
- 6. 1506064 - Fjárhagsáætlun 2016 - Skipulags- og umhverfissvið**

EB.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun dags. 9.12.2015 með eftirfarandi breytingum:

Ekki verði veittir nýjir styrkir til viðhaldsframkvæmda á árinu 2016. Þeir fjármunir af þeim lið sem ekki nýtast í styrki vegna ársins 2015 - 2016 verði nýttir undir liðnum um stofnanalóðir.

Styrkir sem veittir voru á árinu 2015 koma til úthlutunar fram í júní 2016. Ráðið telur því ekki fullséð hver árangur verkefnisins verður og telur því rétt að fresta nýrri úthlutun til ársins 2017.

Undirritaður fulltrúi Samfylkingarinnar í skipulags- og umhverfisráði gerir athugasemd við þá ráðstöfun að áætla 30 milljónir í framkvæmdir við Guðlaugu við Langasand án þess að fyrir liggja áætlaður rekstrarkostnaður vegna laugarinnar. Telur undirritaður nauðsynlegt að ráðið geri sér skýrari mynd af væntanlegum rekstrarkostnaði áður en ráðist verður í framkvæmd af slíkri stærðargráðu.

Valgarður L. Jónsson

7. 1505141 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2015

Endurskoðuð fjárfestingar- og framkvæmaáætlun Akraneskaupstaðar 2015.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi bæjarráðs dagsett 10.12.2015 um breytingar á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2015.

Breytingar felast í viðbótarverkefnum (fjárfestingar) vegna hönnunarvinnu að fjárhæð kr. 5.000.000 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Jaðarsbakkalaug, vegna kaupa og uppsetningu á tækjabúnaði (rakatæki) fyrir skjalasafn Bókasafns Akraness að fjárhæð kr. 3.000.000 og vegna kaupa á gámum á tjaldsvæði og við Langasand að fjárhæð kr. 5.500.000. Heildarbreyting í fjárfestingum á árinu 2015 er hins vegar til lækkunar á eignfærðri fjárfestingu að fjárhæð kr.

83.900.000 sem skýrist fyrst og fremst af því að ekki var ráðist í framkvæmdir við Sambýlið við Vesturgötu.

8. 1511153 - Brekkubraut 25, endurnýjun lóðaleigusamnings

Lagt fram.

9. 1511244 - Vallholt 7, lóðaleigusamningur endurnýjun

Lagt fram.

10. 1409162 - Starfshópur um Sementsreit

Fundargerðir starfshópsins númer 15 - 19 lagðar fram.

Skipulags- og umhverfisráð tekur undir bókun starfshópsins í fundargerð númer 19 varðandi val á arkitektastofu vegna áframhaldandi deiliskipulagsvinnu fyrir Sementsreitinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Kristín P.
Valgarður L. J.
Eira T. Bradur

Rannveig Óskarsdóttir
Karinna Jónsdóttir
Sigrún P. J.
Guðný J. Ólafsdóttir